

Fyrsta stig

Fyrsta stigsprófið á ásláttarhljóðfæri er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G1**. Ætlast er til þess að nemendur í fyrsta stigi kaupi kennslubók sem þeir vinna í eftir fyrir mælum kennara.

Við lok fyrsta stigs eiga nemendur á ásláttarhljóðfæri að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á sneriltrommu.
- hafi kynnst leik á a.m.k. eitt ásláttarhljómborð; marimbu, víbrafón eða sílófón.
- hafi kynnst í leik á þríhorn og tambúrínu.
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa.
- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærin.
- leiki með nokkuð eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig.
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra.
- geti gert nokkrar styrkbreytingar.
- sýni nokkra nákvæmni í mótun tónmynstra.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings einföld verkefni.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi kynnst samleik.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fyrsta stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um það bil eins árs nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning fyrsta stigsprófs og vægi prófbátta

Prófbættir á fyrsta stigsprófi eru sex. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Eitt verk eða æfing skal flutt á sneriltrommu.

1. Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi undirstöðuæfingar og tónstiga:

- einslagsþyrl (single stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándaþaktsnótur
- tvíslagsþyrl (double stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándaþaktsnótur
- samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándaþaktsnótur
- einfalt forslag (flam) eigi hægar en M.M. ♩ = 120,
- miðað við að leiknar séu fjórðaþaktsnótur
- krómatískan tónstiga
- dúrtónstiga til og með einu formerki

Leikmáti:

- Tónsvið: eina áttund upp frá grunntóni og niður aftur.
- Hraði: eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu áttundaþaktsnótur
- Jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (21 stig)

Æfing má vera úr þeirri kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók.

3. Verk 1 (21 stig)

Stutt lag

4. Verk 2 (21 stig)

Stutt lag

5. Lestur af blaði (12 stig)

Stutt viðfangsefni á sneriltrommu

6. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

Annað stig

Annað stigsprófið á ásláttarhljóðfæri er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G2**. Ætlast er til þess að nemendur í öðru stigi eigi kennslubók og kaupi æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok annars stigs eiga nemendur á ásláttarhljóðfæri að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á sneriltrommu.
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á a.m.k. eitt ásláttarhljómborð; marimbu, víbrafón eða sílófón.
- hafi þjálfast í leik á bassatrommu, symbala, þríhorn og tambúrínu.
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa.
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin.
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig.
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra.
- geti gert styrkbreytingar heyrnlegar.
- hafi kynnst leik á samþætt slagverk, þ.e. á mismunandi hljóðfæri ásláttarfjölskyldunnar í sama verki.
- skilji og geti fylgt algengustu bendingum hljómsveitarstjóra.
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra.
- sýni nokkra nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins.
- hafi öðlast nokkuð gott hrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrsta stigi.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á öðru stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um tveggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning annars stigsprófs og vægi prófpáttanna

Prófpættir á öðru stigsprófi eru sjö. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Eitt verk eða æfing skal flutt á sneriltrommu og eitt verk eða æfing á ásláttarhljómborð.

1. Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi undirstöðuæfingar og tónstiga:

- einslagsþyrl (single stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- tvíslagsþyrl (double stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- einfalt forslag (flam) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- tvöfalt forslag (drag) eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- þrefalt forslag (ruff) eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- lokað þyrl (bounce/orchestral roll)
- krómatískan tónstiga
- dúrtónstiga og laghæfa molltónstiga til og með einu formerki

Leikmáti:

- Tónsvið: eina áttund upp frá grunntóni og niður aftur.
- Hraði: eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- Jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (15 stig)

Æfing má vera úr þeirri kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

3. Verk 1 (15 stig)

Stutt lag.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Stutt lag.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

5. Val (15 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Spinna einradda út frá gefnu upphafi, hljómfæri eða lagi, með eða án undirleiks.
- b. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- c. Hljómsetja stutta laglínu óundirbúið
- d. Leika stutt alþýðulag eða þjóðlag, lært eftir eyra.

6. Lestur af blaði (15 stig)

- a. Viðfangsefni á sneriltrommu
- b. Viðfangsefni á ásláttarhljómborð

7. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

Grunnpróf

Grunnpróf á ásláttarhljóðfæri er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Grunnpróf eru aðeins dæmd af Prófanend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Grunnprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **grunnprófi í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófanefnd. Ætlast er til þess að nemendur sem stefna að grunnprófi eigi kennslubók og æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok grunnnáms eiga nemendur á ásláttarhljóðfæri að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á sneriltrommu samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik á a.m.k. eitt ásláttarhljómborð; marimbu, víbrafón eða sílófón, samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi þjálfast í leik á bassatrommu, symbala, þríhorn og tambúrínu.
- hafi kynnst þákuleik ef tók eru á.
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa.
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin.
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig.
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra.
- ráði yfir viðeigandi dempunartækni hljómandi hljóðfæra.
- geti leikið með greinilegum styrkleikabreytingum.
- hafi kynnst leik á samþætt slagverk, þ.e. á mismunandi hljóðfæri ásláttarfjölskyldunnar í sama verki í samræmi við kröfur aðalnámskrár tónlistarskóla.
- hafi grundvallarskilning á hentugri uppstillingu og staðsetningu ásláttarhljóðfæra eftir aðstæðum hverju sinni.
- skilji og geti fylgt algengustu bendingum hljómsveitarstjóra.
- sýni nákvæmni í mótun tónmynstra og hendinga.
- sýni nákvæmni í lestri og úrvinnslu tónmálsins.
- hafi öðlast gott hrynskyn.
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- hafi þjálfast reglulega í leik tónstiga og hljóma samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.
- námskrá hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um þriggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning grunnprófs og vægi prófpáttanna

Prófpættir á grunnprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Eitt verk eða æfing skal flutt á sneriltrommu og eitt verk eða æfing á ásláttarhljómborð. Heimilt er að leika eitt verk fyrir sambætt slagverk og eitt verk á trommuseti samkvæmt grunnprófskröfum námskrár í rytmískri tónlist.

1. Undirstöðuæfingar, tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi undirstöðuæfingar og tónstiga:

- einslagsþyrl eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- tvíslagsþyrl eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándapartsnótur
- einfalt forslag (flam) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- tvöfalt forslag (drag) eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- þrefalt forslag (ruff) eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur
- fimm slaga þyrl (five stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarspartsnótur
- sjö slaga þyrl (seven stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 76, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarspartstríólur
- níu slaga þyrl (nine stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 96, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarspartsnótur
- lokað þyrl (bounce/orchestral roll)
- krómatískan tónstiga
- dúrtónstiga og laghæfa molltónstiga til og með tveimur formerkjum
- þríhljóma í dúr og moll til og með tveimur formerkjum

Leikmáti:

- Tónsvið: eina áttund upp frá grunntóni og niður aftur.
- Hraði: eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- Jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing / Etýða (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir ásláttarhljóðfæri.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir ásláttarhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir ásláttarhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir ásláttarhljóðfæri. Verk þurfa að vera ólík.

Eitt verk eða æfingu skal leika utanbókar.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Spinna einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks.
- b. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- c. Hljómsetja stutta laglínu óundirbúið
- d. Leika stutt alþýðulag eða þjóðlag, lært eftir eyra.

7. Lestur af blaði (10 stig)

- a. Viðfangsefni á sneriltrommu
- b. Viðfangsefni á ásláttarhljómborð

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.